



School of Americas

Birtingarmynd bandarískrar heimsvaldastefnu?

Ragnhildur B. Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

School of Americas
Birtingarmynd bandarískrar heimsvaldastefnu?

Ragnildur B. Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Helgi Gunnlaugsson

Félags- og mannvísindadeild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Febrúar 2012

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttihafa.

© Ragnhildur B. Guðmundsdóttir 2012

Reykjavík, Ísland 2012

Útdráttur

Þegar ríki hefur yfirburðarstöðu á alþjóðlega valdasviðinu er það ríki gjarnan kallað heimsveldi. Í dag eru Bandaríkin eitt helsta heimsveldi í heiminum en á tíma kalda stríðsins voru það tvö, Bandaríkin og Sovétríkin. Sú stefna sem ríki heldur úti til að viðhalda stöðu sinni sem heimsveldis nefnist heimsvaldastefna. Í þessari heimildarritgerð verður fjallað um heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og birtingarmynd hennar gagnvart Rómönsku Ameríku á tíma kalda stríðsins. Greint verður frá utanríkisstefnu Bandaríkjanna og hvernig hún hefur mótast af heimsvaldastefnu þeirra. Tilgangur ritgerðarinnar er að varpa ljósi á mögulega birtingarmynd heimsvaldastefnu og hvaða afleiðingar sú stefna getur haft. Til að einfalda þá greiningu verður fjallað um herþjálfunarskólann *School of Americas* og skoðað hvernig hann fellur að utanríkisstefnu og heimsvaldastefnu Bandaríkjanna. Meginniðurstöður ritgerðarinnar sýna hvernig skólinn er ein af birtingarmyndum heimsvaldastefnu Bandaríkjanna enda hefur hann verið notaður til að halda úti utanríkisstefnu Bandaríkjanna í Rómönsku Ameríku.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	5
2	Heimsvaldastefna	8
2.1	Þjóðarhagsmunir.....	9
2.2	Stéttarhagsmunir.....	10
3	Utanríkisstefna Bandaríkjanna	11
3.1	Sögulegt yfirlit.....	11
3.2	Utanríkisstefna eftir seinni heimsstyrjöldina.....	13
3.3	Erlend fjárhagsaðstoð.....	18
4	School of Americas	21
4.1	Hlutverk School of Americas	21
4.2	Námskeið sem kennd voru í skólanum.....	23
4.3	Fyrrum nemendur	24
4.3.1	Kólumbía	25
4.3.2	El Salvador	25
4.3.3	Guatemala.....	26
4.3.4	Chile	27
5	Lokaorð	28
6	Heimildaskrá	31

1 Inngangur

Í daglegu tali er rætt um heimsveldi en hvað það felur í raun í sér er erfiðara að greina. Hugtakið heimsveldi er notað um ríki sem hefur yfirburðastöðu í heiminum og hefur ítök og völd innan margra annarra ríkja. Bandaríkin eru eitt helsta heimsveldi í heiminum í dag og hefur staða þeirra sem heimsveldi verið fremur örugg seinustu áratugi. Heimsvaldastefna er sú stefna sem heimsveldi heldur úti til að viðhalda yfirburðastöðu sinni í heiminum. Heimsvaldastefna hefur margar birtingarmyndir en kemur hvað skýrast fram í utanríkisstefnu viðkomandi ríkis. Utanríkisstefna er sú stefnumörkun sem ríki hefur tileinkað sér í samskiptum við önnur ríki og þjóðir. Markmið ritgerðarinnar er að varpa ljósi á eina af birtingarmyndum heimsvaldastefnu og hvað sú stefna getur haft í för með sér.

Þar sem utanríkisstefna og heimsvaldastefna er fremur yfirgripsmikið efni verður í þessari ritgerð einblínt á afmarkað svæði og ákveðna stofnun til að einfalda greiningu á þessum þáttum og til að varpa ljósi á hvaða afleiðingar slík stefna getur haft. Ritgerðin fjallar um herþjálfunarskólann *School of Americas* sem rekinn var af Bandaríkjastjórn og lengst af staðsettur í Panama í Rómönsku Ameríku. Skólinn verður tekinn sem dæmi um eina af birtingarmyndum heimsvaldastefnu og litið verður til námskeiða hans og útskriftarnemenda til að meta afleiðingar þeirrar stefnu.

Nokkrar ástæður liggja að baki þess að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu sem lokaverkefni. Rómanska Ameríka hefur alltaf verið mér ofarlega í huga og árið 2006 bjó ég á Kúbu um nokkurt skeið og á þeim tíma ferðaðist ég einnig um Mexíkó og Guatemala. Á ferðalagi mínu kynntist ég nánar menningu og sögu Rómönsku Ameríku. Þar að auki hef ég mikinn áhuga á valdi og hinum ólíku birtingarmyndum þess. Fyrir mér er mjög athyglisvert hvernig ríki beitir valdi sínu gagnvart íbúum ríkisins sem og erlendum ríkjum. Einnig hef ég haft mikinn áhuga á átökum, stríði og styrjöldum og þá sérstaklega hvaða ástæður kunna að liggja þar að baki. Í BA námi mínu við Háskóla Íslands tók ég meistaranámsáfangu frá Mannfræðideild skólans er bar nafnið, Stríðsátök og friðarferli. Í þeim áfanga var til að mynda tekið fyrir hvaða ástæður geta legið að baki átökum. Ég valdi *School of Americas* vegna þess að mig langaði að kynna hann fyrir fólki hér á Íslandi. Þrátt fyrir að söguvið ritgerðarinnar sé fjarri okkur þá kemur efnið okkur samt sem áður við. Ekki aðeins vegna þess að það er

mikilvægt fyrir okkur að láta málefni heimsins okkur varða, heldur einnig vegna þess að það getur gefið okkur mynd af því hvaða afleiðingar heimsvaldastefna getur haft í för með sér.

Til þess að geta fjallað um afleiðingar heimsvaldastefnu verður fyrst að skilgreina hvað heimsvaldastefna er og verður hún því skilgreind í fyrsta kafla sem og helstu hvatar hennar. Í þeim kafla verður mikið notast við ritrýndar fræðigreinar og þá helst grein eftir Thomas E. Weisskopf sem er með doktorsgráðu frá MIT í viðskiptarfræði. Einnig verður notast við bók stjórn málafræðingsins Ellen M. Wood. Rétt er að taka fram að Weisskopf og Wood eru á vinstri ás í skoðunum sínum. Það ætti hins vegar ekki að hafa áhrif á niðurstöður rannsókna þeirra þar sem vísindaleg hlutlægni er höfð í hávegum í fræðasamfélaginu, auk þess sem greinar þeirra og rannsóknir hafa birst í ritrýndum tímaritum. Hins vegar getur afstaða þeirra haft áhrif á hvaða efni verður fyrir valinu sem og hvaða kenningar eru notaðar við rannsóknir. Á það reyndar við um alla.

Í öðrum kafla verður fjallað um utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart Rómönsku Ameríku árin fyrir og eftir stofnun skólans. Í þeim kafla verður notast við ýmsar fræðigreinar, gögn gefin út af Bandaríkjastjórn og bókina *Latin America in the international political system* eftir prófessor G. Pope Atkins. Atkins hefur gefið út fjölmargar bækur varðandi stjórn mála Rómönsku Ameríku og tengsl þeirra við Bandaríkin. Hans sérsvið er Rómanska Ameríka og ber hann til dæmis stöðu prófessors emeritus við stjórn málafræði í bandaríska sjóherskólanum (United States Naval Academy).

Í þriðja kafla verður fjallað um skólann School of Americas, sögu hans og helstu námskeið er kennd voru við hann. Nokkur lönd er sent hafa nemendur í skólann verða tekin fyrir og fjallað verður um hvað útskrifaðir nemendur úr skólanum hafa framkvæmt heima fyrir. Einnig verður greint frá því hvernig skólinn féll að heimsvalda- og utanríkisstefnu Bandaríkjanna og hver tilgangur skólans var. Hér verður aðallega lögð áhersla á tímabil kalda stríðsins og skólinn skoðaður á því tímabili, þar sem hann gegndi mikilvægu hlutverki þá og mætti jafnvel kalla þann tíma gullár skólans.

Þar sem starfsemi skólans hefur hlotið mikla gagnrýni fannst mér nauðsynlegt að heimildirnar kæmu úr ólíkum áttum, bæði frá stuðningsmönnum hans sem og andstæðingum. Með því er reynt að draga upp eins hlutlausa mynd af skólanum og hægt er. Notast verður við gögn frá Varnamálaráðuneyti Bandaríkjanna til varpa ljósi á hvernig bandarísk stjórnvöld hafa litið á skólann. Einnig verður notast við greinar sem birst hafa í ritrýndum tímaritum og gögn frá samtökunum Amnesty International í umfjöllun um skólann. Í kaflanum um fyrverandi

nemendur verður notast við heimasíðu samtaka sem eru andstæð skólanum. Þar sem samtökin hafa neikvætt viðhorf til skólans þá verður einnig notast við önnur gögn í umfjölluninni líkt og skýrslur Sannleiksnefnda. Rétt er þó að taka fram að sá listi yfir fyrrverandi nemendur sem samtökin nota er upphaflega fenginn frá Bandaríkjastjórn.

Þetta umfjöllunarefni er mikilvægt vegna þess að með því að tengja School of Americas við heimsvaldastefnu Bandaríkjanna er unnt að gera sér grein fyrir hverjar afleiðingar heimsvaldastefnu geta verið á erlend ríki. Við þurfum því að byrja á því að skilgreina hvað heimsvaldastefna er, enda er hún rauði þráðurinn í ritgerðinni.

2 Heimsvaldastefna

Fyrr á öldum voru það nýlenduvelðin er skilgreind voru sem heimsveldi, vegna alþjóðlegra valda og áhrifastöðu þeirra. Nú hafa nýlendurnar fengið frelsi en hugtakið heimsveldi lifir enn. Hugtakið vísar til þess að viðkomandi ríki hafi yfirburðastöðu í heiminum og sé á toppi stigveldi ríkjanna vegna þeirra miklu alþjóðlegu valda og ítaka er þau búa yfir. Til að viðhalda stöðu sinni sem heimsveldi er gjarnan tekin upp heimsvaldastefna (Saull, 2008).

Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu heimsvaldastefna, hér verður notast við eftirfarandi skilgreiningu: Heimsvaldastefna er sköpuð og henni viðhaldið af stjórnvöldum viðkomandi ríkis. Hún birtist í aðgerðum ríkisstjórnar sem fela í sér beitingu eða hótun um beitingu valds til að koma á eða viðhalda yfirráðum yfir ákveðnum hluta fólks eða stjórnvöldum annars ríkis eða svæðis. Vert er að hafa í huga að einkastofnanir, sem eru aðskildar frá stjórnvöldum og stofnunum þeirra, geta átt mikilvægan þátt í heimsvaldastefnu. Aðgerðir sem ríkisstjórnir geta notast við í heimsvaldastefnu sinni eru fjölbreyttar og þar falla undir hvers kyns notkun efnahagslegs-, diplómatisks- eða hernaðarlegs valds til að koma á, viðhalda eða stækka valdsvið heimsveldis yfir erlendum aðilum, til dæmis með hernámi og svæðisinnlimun (Weisskopf, 1989). Ýmsir fræðimenn hafa skilgreint heimsvaldastefnu nauðsynlega fyrir útpenslu kapítalismans og hafa þá bent á Bandaríkin til stuðnings máli sínu (Cockcroft, 2006). Fræðikonan Ellen M. Wood (2003) segir að markmið bandarískrar heimsvaldastefnu sé að ná og viðhalda alþjóðlegu, efnahagslegu forræði. Hún ræðir um heimsvaldastefnu í tengslum við hernað og hvernig hernaðarvæðing hefur stuðlað að pólitískri og efnahagslegri forystu Bandaríkjanna á alþjóðavettvangi.

Heimsvaldastefnu er alltaf haldið úti í von um einhvern ágóða, stefnan felur hins vegar í sér notkun orku og auðlinda af hálfu heimsveldisins. Sé slíkt skipulagt af stjórnvöldum er það ávallt með væntingar í huga um einhvern hagnað sem vegur upp á móti eyðslunni. Heimsvaldastefnu getur verið haldið úti með hagsmuni þjóðarinnar að leiðarljósi þar sem þjóðin hagnast í heild, eða með hagsmuni stéttar að leiðarljósi, en í slíkum tilvikum hagnast ein stétt samfélagsins öðrum fremur af aðgerðunum. Þjóðarhagsmunir fela alltaf í sér stéttahagsmuni, á hinn bóginn þurfa stéttarhagsmunir ekki að fela í sér þjóðarhagsmuni (Weisskopf, 1989).

2.1 Þjóðarhagsmunir

Hver þjóð hefur sameiginlegan áhuga á því að verja ríki sitt fyrir árásum mögulegra óvina, en að stuðla að og styrkja öryggi landsins eru þeir þjóðarhagsmunir sem fræðimenn telja vera helsta hvatann að heimsvaldastefnu ríkis. Heimsveldi stuðlar þá að þjóðaröryggi með því að styrkja hernaðarmátt sinn. Sterkur her er ógnandi og hefur letjandi áhrif á aðrar þjóðir til þess ráðast gegn heimsveldinu. Valdamiklar þjóðir með mikinn hernaðarmátt eiga auðveldara með að stjórna og hafa áhrif á aðgerðir annarra þjóða (Weisskopf, 1989).

Annar mikilvægur hvati er þjóðhagfræðilegur, það er að segja að nota heimsvaldastefnu til þess að koma í veg fyrir efnahagskreppu sem myndi ógna stöðugleika efnahagskerfisins. Þetta á sérstaklega vel við um ríki sem byggja á kapítalísku efnahagskerfi, þar sem heimsvaldastefna getur opnað aðgang að nýjum mörkuðum. Hægt er setja ferlið upp á einfaldan hátt, tilhneiging kapítalískra efnahagskerfa er að framleiða meira en eftirspurnin kallar eftir. Í kjölfarið verður stöðug þörf á að finna nýja markaði fyrir alla umframframleiðsluna. Þessa nýju markaði er að finna í öðrum löndum og ríkjum, utan heimsveldisins. Ef notast er við heimsvaldasinnaða utanríkisstefnu þá veitir hún aðgang að þessum mörkuðum fyrir heimsveldið. Heimsvaldastefnan á sér því efnahagslegar forsendur, þar sem hún veitir aðgang að áður lokuðum, erlendum mörkuðum sem eru nauðsynlegir til þess að viðhalda útflutningsflæðinu. Önnur mikilvæg efnahagsleg ástæða getur legið að baki heimsvaldastefnu ríkis, hún er sú að ríki getur skort ákveðin hráefni og þar af leiðandi er því nauðsynlegt að hafa innflutning á þeim til innanlandsframleiðslu. Hafi ríkið ekki aðgang að þessum hráefnum getur það haft veruleg neikvæð áhrif á efnahag landsins. Aðgengi er þá náð með því að taka upp heimsvaldastefnu. Þar sem aðgerðir heimsveldis eru framkvæmdar til að tryggja aðgang að óunnum hráefnum má ætla sem svo að heimsvaldastefnan eigi sér þjóðhagfræðilegar ástæður í nútíma iðnríkjum (Weisskopf, 1989; Wood, 2003).

Ekki eru allar gerðir af heimsvaldastefnu með efnahagsleg rök að baki, til dæmis hefur verið greind heimsvaldastefna með þjóðarhagsmuni að baki sem mætti kalla trúboðsstefnu (e. missionary spirit). Þessi stefna á við þegar íbúar þjóðríkis hafa ofurtrú á því kerfi og þeim gildum sem við lýði eru í eigin ríki. Slík er trúin að íbúunum finnst þeim beri siðferðisleg skylda til þess að breiða út boðskapinn. Boðskapurinn eru þau gildi sem eru við lýði innan ríkisins og það samfélagskerfi sem notast er við. Innan heimsveldisins er litið á heimsvaldastefnuna jákvæðum augum þar sem talið er að með henni sé verið að stuðla að „betri heimi“. Hagnaðurinn er þá hvorki efnahagslegur né hernaðarlegur heldur aðeins að

stuðla að „betri“ heimi með því að koma á því samfélagskerfi sem heimsveldið telur að sé æskilegt og viðurkennt í þeirra heimalandi (Weisskopf, 1989).

Að lokum hefur þörfin til að deila og drottna (l. divide et impera) yfir öðrum verið greind sem hvati af heimsvaldastefnu. Þeir sem aðhyllast það sjónarhorn líta svo á að til sé eitthvað ákveðið mannlegt eðli og eitt af einkennum þess sé árásarhneigð. Árásarhneigðin geti þá bæði átt við um hópa sem og einstaklinga. Heimsvaldastefnunni er þá haldið úti með það að leiðarljósi að ná yfirráðum og drottna yfir öðrum einstaklingum eða ríkjum (Weisskopf, 1989).

Ástæður að baki heimsvaldastefnu ríkis geta því verið margar, sjaldan liggur einungis ein ástæða að baki heldur samtvinnast þær og veita ríkinu réttlætingu fyrir heimsvaldastefnu sinni með þjóðarhagsmunum að baki.

2.2 Stéttarhagsmunir

Líkt og nefnt var fyrr þá getur heimsvaldastefnu einnig verið haldið úti með því að bera hagsmuni stéttar fyrir brjósti og á það helst við þegar ráðandi stétt innan þjóðfélags reynir að viðhalda þeim stéttamun sem fyrir er innan viðkomandi þjóðfélags. Ein af leiðunum sem stétt getur nýtt heimsvaldastefnu til að viðhalda eða réttlæta yfirráð sín yfir öðrum stéttum samfélagsins er að láta þjóðina sameinast gegn annarri þjóð. Erlenda þjóðin er gerð að óvini sem heimsveldið getur sameinast gegn. Þjóðin stendur þá við bakið á ráðandi stétt gegn sameiginlegum óvini. Með því er athyglinni beint frá því sem er að gerast innan heimsveldisins að öðrum. Tilgangur stefnunnar getur einnig verið að útbreiða eigin gildi og kerfi og hamla aðgengi þjóðarinnar að upplýsingum um önnur og ólík þjóðfélagskerfi. Hin ráðandi stétt æskir þess að viðhalda núverandi stöðu og heimsvaldastefnan getur þannig nýst til þess að útiloka aðrar gerðir af þjóðfélagskerfum og gildum (Weisskopf, 1989).

Heimsvaldastefna kemur helst fram í utanríkisstefnu viðkomandi ríkis þar sem utanríkismálin ákvarða hvernig samskiptum við erlend ríki skuli háttað og hvaða áherslur séu mikilvægastar hverju sinni til að vernda og tryggja hagsmuni ríkisins utan sem innan eigin landsvæðis. Til að varpa ljósi á það hvernig heimsvaldastefna ríkis getur birst verður í framhaldinu fjallað um utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart Rómönsku Ameríku.

3 Utanríkisstefna Bandaríkjanna

Líkt og nafnið gefur til kynna felur utanríkisstefna í sér þá stefnumörkun er þjóðríki hefur sett sér í samskiptum við erlend ríki. Hér verður fjallað um helstu þætti í utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart ríkjum innan Rómönsku Ameríku á 19. og 20. öld. Mikilvægt er að gera einnig grein fyrir þeim kenningum sem einkenndu utanríkisstefnu Bandaríkjanna á 19. öld þar sem þær höfðu mikil áhrif á þá stefnu sem Bandaríkin höfðu hverju sinni í utanríkismálum gagnvart Rómönsku Ameríku á 20. öld.

3.1 Sögulegt yfirlit

Utanríkisstefna Bandaríkjanna breyttist mjög á 19. öld þar sem skilið var við hefðbundna einangrunarstefnu og farið yfir í einfalda alþjóðahyggju. Á þessum tíma kom fram kenning er bar nafnið Monroe kenningin sem átti eftir að hafa gífurleg áhrif á utanríkisstefnu Bandaríkjanna árin á eftir og allt fram á tuttugustu öldina. Monroe kenningin sem formlega var sett fyrir bandaríska þingið 2. desember 1823 af þáverandi forseta Bandaríkjanna, James Monroe, lagði grunninn að samskiptum Bandaríkjanna við Rómönsku Ameríku á þeim tíma er þau ríki voru að komast undan nýlendustjórn Evrópuríkja. Samkvæmt kenningunni átti Rómanska Ameríka að vera frjáls og sjálfstæð, án allra afskipta og mögulegs áframhalds nýlenduvæðingar Evrópuríkja. Ríki innan Evrópu áttu ekki að hafa afskipti af ríkjum Rómönsku Ameríku og að sama skapi myndu Bandaríkin ekki hafa afskipti af Evrópuríkjum. Kenningin fól í sér svokallað *hands off* stefnu sem fól í sér að Evrópuríki ættu ekki að reyna að koma á sínu samfélagskerfi sem einkenndist af konungsveldum. Rökin fyrir því voru að slíkt samfélagskerfi samrýmdist ekki skipulagi „nýja heimsins“ sem Rómanska Ameríka féll undir. Samkvæmt kenningunni var litið á öll afskipti Evrópuríkja sem ógn við stöðugleika og frið innan heimsálfunnar og einnig sem merki um neikvæða afstöðu gagnvart Bandaríkjunum sjálfum. Kenningin var gjarnan sögð stuðla að friði, lýðræði og frelsi innan Rómönsku Ameríku en orðræðan sem var notuð faldi hinn raunverulega tilgang kenningarinnar sem átti sér efnahagslegar rætur. Bandaríkin vildu halda Evrópumönnum frá Rómönsku Ameríku og sjá til þess að mikilvæg svæði innan heimsálfunnar einkenndust af stöðugleika og friði til þess að tryggja eigin aðgang að hráefnum og opna markaði fyrir eigin viðskipti. Með Monroe kenningunni vildu Bandaríkin sjá til þess að þau væru ráðandi afl innan Rómönsku Ameríku. Bandaríkin voru með einskonar feðrahyggju gagnvart Rómönsku Ameríku þar sem þau litu

svo á að nauðsynlegt væri að einhver hefði yfirumsjá með gangi mála innan ríkja heimsálfunnar til tryggja að rétt væri staðið að málum (Gilderhus, 2006).

Með virkari þátttöku í málefnum heimsins var ýtt undir stöðu Bandaríkjanna sem heimsveldis. Hin nýja afstaða sem þau tóku upp endurvakti áhuga Bandaríkjanna á Rómönsku Ameríku. Í forsetatíð Theodores Roosevelts var íhlutunarstefna tekin upp í svokallaðri „Roosevelt Corollary“ sem var sett fram af forsetanum árið 1904. Stefnan byggði á Monroe kenningunni en gekk þó lengra hvað snerti hlutverk Bandaríkjanna í Rómönsku Ameríku. Samkvæmt henni bar Bandaríkjunum siðferðisleg skylda að sjá til þess að rétt væri staðið að málum innan ríkja Rómönsku Ameríku. Þessi skylda gaf þeim réttlætingu á íhlutunarstefnu sinni (Thyne, 2010). Þegar utanríkisstefna einkennist af íhlutunarstefnu felur það í sér að ríki hefur afskipti af gangi mála erlendra ríkja, afskiptin geta komið fram í þvingunaraðgerðum gagnvart ríkjunum. Dæmi um slíkar aðgerðir eru hótanir um vopnaða innrás eða hernám og gerð milliríkjasamninga sem gæfu Bandaríkjunum rétt til þess að grípa inn í gang mála. Einnig tóku Bandaríkin upp á því að hafa áhrif á erlend ríki með því annars vegar að viðurkenna stjórn þess eða hins vegar að viðurkenna ekki stjórn viðkomandi ríkis. Ef stjórn var ekki viðurkennd af Bandaríkjunum voru viðskipti við landið minnkuð eða algjörlega felld niður sem og fjárhagsaðstoð. Þetta var ein af þeim leiðum sem Bandaríkin notuðu til að hafa áhrif á kosningar í öðrum ríkjum (Atkins, 1989). Á árunum 1905-1930 voru hömlur settar á viðskipti með vopn til landa Rómönsku Ameríku. Þessar hömlur voru sérstaklega settar á ríki sem fylgdu einhverri stefnu er var andstæð Bandaríkjunum og gekk gegn hagsmunum þeirra innan Rómönsku Ameríku. Bandaríkin vildu koma í veg fyrir að vopnaðir hópar, sem voru andstæðir hernaðarlegri íhlutun þeirra innan Rómönsku Ameríku næðu áhrifum og sáu til þess að vopnaðir hópar sem voru jákvæðir í þeirra garð fengju vopn (National Security Council Affairs, 1960; 7).

Árið 1929 var ný utanríkisstefna tekin upp gagnvart Rómönsku Ameríku. Stjórnvöld þeirra ríkja gerðu Bandaríkjunum það fyllilega ljóst að ef koma ætti á fót samvinnu meðal ríkja innan heimsálfa Ameríku þyrftu Bandaríkin að segja skilið við íhlutunarstefnu sína. En sú stefna og aukin efnahagsleg völd Bandaríkjanna innan þessara ríkja hafði leitt af sér aukna óvild í þeirra garð. Bandaríkin voru helstu kaupendur varnings frá Rómönsku Ameríku á þessum tíma og því var það í þágu allra að góð samskipti ríktu á milli þjóðanna og var því tekin upp stefna um góð samskipti nágrannaríkja og hlaut sú stefna nafnið *Góði nágranninn* (National Security Council Affairs, 1960; 9-10). Þar sem engin ógn stóð af áhrifum og afskiptum Evrópuríkja á þessu svæði eftir fyrri heimsstyrjöldina gátu Bandaríkin samþykkt að

draga verulega úr íhlotunum sínum í Rómönsku Ameríku. Þegar Franklin D. Roosevelt tók við embætti árið 1933 lofaði hann í ræðu sinni að segja skilið við íhlotunarstefnuna að fullu. Sama ár samþykktu Bandaríkin með fyrirvara innri-Ameríku sáttmálann (e. inter-American treaty). Sáttmálinn hvatti til þess að ríki innan Ameríku hefðu ekki afskipti af öðrum ríkjum innan heimsálfanna. Þremur árum síðar, eða árið 1936, samþykktu Bandaríkin annan sáttmála og nú án fyrirvara sem fól í sér að þau myndu ekki hafa neina íhlotun af ríkjum innan Ameríku. Sáttmálinn fól það einnig í sér að ríki innan heimsálfa Ameríku myndu koma hvert öðru til aðstoðar ef ráðist væri á þau af utanaðkomandi ríkjum. Íhlotunarleysisstefnan sem Bandaríkin tóku upp fól í sér að notast var við tvíhliða diplómáttískar samningaviðræður milli ríkja, en það leiddi oft af sér samstarf Bandaríkjustjórnar við einræðisherra. Stefnan var mikið gagnrýnd fyrir það samstarf, en bandarísk stjórnvöld höfnuðu þeirri gagnrýni alfarið (Atkins, 1989; National Security Council Affairs, 1960; 10). Í kjölfar ásakana um að Bandaríkin styddu einræðisstjórnir var skrifað undir samning um að notast ætti við diplómáttískar samningaleiðir í samskiptum ríkja án tillits til hvers kyns stjórn væri við völd þar í landi (National Security Council Affairs, 1960; 18).

Utanríkisstefnan sem notast var við á þessum árum lagði grunninn fyrir þá hernaðarlegu samvinnu sem átti eftir að verða milli Bandaríkjanna og ríkja Rómönsku Ameríku (National Security Council Affairs, 1960; 10). Bandaríkin óttuðust aukin erlend áhrif og óstöðugleika í Rómönsku Ameríku í kjölfar aukins fylgis við fasisma í Evrópu og aukinna afskipti fasískra afla í Rómönsku Ameríku. Til að vinna gegn þessu var sett á fót öryggiskerfi um samstarf milli ríkja heimsálfanna tveggja (Norður- og Suður Ameríku) við lok fjórða áratugsins. Eftir upphaf seinni heimsstyrjaldarinnar styrktist öryggissamstarfið þar sem víðtæk stjórn mála-, efnahags- og hernaðarleg samvinna átti sér stað á milli ríkjanna meðan á stríðinu stóð (Atkins, 1989).

3.2 Utanríkisstefna eftir seinni heimsstyrjöldina

Bandaríkin komu úr seinni heimsstyrjöldinni sem heimsveldi, Evrópa var í molum eftir heimsstyrjöldina og aðeins Sovétríkin gátu staðið á móti Bandaríkjunum. Þessi tvö stórveldi voru með algjörlega gagnstæðar stefnur og leiddi það til þess sem hefur verið kallað kalda stríðið. Sovétríkin bjuggu við kommúnískt skipulag sem var andstætt kapítalískri stefnu Bandaríkjanna. Eftir seinni heimsstyrjöldina áttu Bandaríkin hagsmuni að gæta um allan heim og tengdist það kalda stríðinu sem upp kom á milli stórveldanna tveggja, Sovétríkjanna og

Bandaríkjanna. Þessir þættir mótuðu stefnu Bandaríkjanna innan Rómönsku Ameríku en áhugi þeirra á svæðinu þvarr með hliðsjón af þeim margvíslegu vandamálum sem komu upp eftir seinni heimsstyrjöldina. Eyðileggingin í Evrópu, innilokunarstefna Sovétríkjanna og síðar meir kommúnisminn í Asíu voru öll mikilvægari málefni en Rómanska Ameríka að mati Bandaríkjanna (Atkins, 1989).

Erlend hjálparaðstoð og þá sérstaklega hernaðarleg aðstoð varð hluti af stefnu og umræðum Bandaríkjanna í tengslum við Rómönsku Ameríku. Í júlí 1945 samþykkti Harry S. Truman forseti Bandaríkjanna (apríl 1945 til janúar 1953) stefnubreytingu sem fól í sér að Bandaríkin myndu sjá um að veita ríkjum Rómönsku Ameríku hernaðarþjálfun og búnað. Þær stofnanir innan Bandaríkjanna er komu að þessari stefnu og sáu um útfærslu á henni, tiltóku að þjálfunin og búnaðurinn mætti ekki vera notaður gegn íbúum landanna. Það er að segja að þau ríki Rómönsku Ameríku er hlutu þessa þjálfun og búnað mættu ekki brjóta gegn frelsi og lýðræðislegum rétti íbúa landa sinna. Bandaríkin tiltóku einnig að ekki ætti að veita ríki búnað og þjálfun ef það ætti í óeirðum við annað ríki innan Rómönsku Ameríku (National Security Council Affairs, 1960).

Á fimmta áratugnum höfðu mörg ríki innan Rómönsku Ameríku ekki efni á vopnum frá Bandaríkjunum og leituðu þau því til Evrópuríkja. Með auknu magni af vopnum frá Evrópu innan Rómönsku Ameríku hræddust Bandaríkin möguleikann á að þau ríki myndu koma upp þjálfunarstöðvum í heimsálfunni og með því auka áhrif sín á svæðinu. Árið 1951 og 1954 voru gerðir nýir samningar um sameiginlegt öryggi innan Ameríku heimsálfanna og með þessum samningi var komið á beinu vopnasölusambandi milli Bandaríkjanna og annarra ríkja innan heimsálfanna. Samningurinn fól einnig í sér hindrun á viðskiptum við Sovétríkin (National Security Council Affairs, 1960). Nokkur af þeim ríkjum sem skrifuðu undir samningana voru undir stjórn einræðisherra og herforingja. Enn og aftur voru Bandaríkin gagnrýnd fyrir að styðja við bakið á einræðisherrum en þau svöruðu gagnrýnisröddum með því að fjárhagsaðstoðin væri án tillits til stjórnarfarsins, og að tilgangur hennar væri aðeins til að auka öryggi í ríkjum álfunnar. Hernaðarleg- og efnahagsleg aðstoð var því veitt til ríkja sem voru hliðholl Bandaríkjunum og þar með á móti Sovétríkjunum og kommúnisma þar sem að á þessum tíma voru aðeins tvær hliðar. Með því að veita aðstoð án tillits til stjórnarfyrirkomulagi ríkjanna vonuðust Bandaríkin eftir því að fá sem flesta með sér í lið (Atkins, 1989).

Truman forseti Bandaríkjanna og menn hans töldu að lítil hættu væri á kommúnisma í Rómönsku Ameríku þar sem heimsálfan var það fjarlæg leikvelli kalda stríðsins. Þessi afstaða var notuð gegn honum í forsetakosningunum 1952 þar sem andstæðingar Trumans sögðu hann hafa vanrækt Rómönsku Ameríku. Truman tapaði forsetakosningunum gegn Dwight D. Eisenhower sem boðaði stefnubreytingar í Rómönsku Ameríku. Hættan af kommúnisma var aðal hreyfiaflið hjá Bandaríkjunum þegar þau voru að taka ákvörðun um hvort þau ættu skipta sér af viðkomandi ríki eður ei. Einu ummerki kalda stríðsins í heimsálfunni fyrir 1959 var þegar kommúnistar náðu mikilvægum stöðum í vinstri stjórn Jacobos Arbenz Guzmáns í Guatemala (1951-1954). Á tíundu ráðstefnu innri Ameríku árið 1954 settu Bandaríkin fram opinbera yfirlýsingu gegn kommúnisma í heimsálfum Ameríku. Stuttu eftir þessa ráðstefnu veittu Bandaríkin hernum í Guatemala stuðning til að framkvæma valdarán til að koma Guzmán frá völdum (Atkins, 1989; Thyne, 2010). Eftir valdaránið höfðu Bandaríkin ekki mikil afskipti af Rómönsku Ameríku fyrr en Fidel Castro tók völdin á Kúbu árið 1959 og á miðjum sjöunda áratugnum virtust aðstæðurnar á Kúbu vera einsdæmi. Eftir að Castro tók við völdum breyttist stefna Bandaríkjanna gagnvart Rómönsku Ameríku til muna þar sem Castro hóf samstarf við Sovétríkin. Þessi atburður og mótmælin, sem komu í kjölfar heimsóknar Nixons þáverandi varaforseta Bandaríkjanna og konu hans til Perú og Venesúela, drógu Rómönsku Ameríku inn í kalda stríðið. Í kalda stríðinu var skilið við hugmyndina um sérstakt samband meðal ríkja innan Ameríku og Bandaríkin hófu um stundarsakir að notast aftur við aðgerðir úr íhlutunarstefnunni (Atkins, 1989).

Eftir að Kennedy tók við forsetavöldum í Bandaríkjunum árið 1961 juku þau efnahagsaðstoð sína til Rómönsku Ameríku og einnig var byrjað að vinna í því að koma Castro frá völdum á Kúbu. Kennedy lofaði í setningarræðu sinni frekari aðgerðum innan Rómönsku Ameríku svo að þau ríki gætu losnað undan hlekkjum fátæktar. Kennedy gagnrýndi stefnu fyrri forseta Bandaríkjanna gagnvart einræðisherrum Rómönsku Ameríku og lagði áherslu á að þróun yrði í þeim ríkjum í átt að lýðræði og umbætur yrðu á félags- og efnahagssviði. Í stjórnartíð Kennedys varð Rómanska Ameríka aftur ofarlega á listanum en utanríkisstefnan var þó enn mótuð út frá kalda stríðinu. Óttast var að kommúnisminn myndi breiðast út frá Kúbu með byltingum. Til að koma í veg fyrir útþenslu kommúnismans og aukin erlend áhrif tóku Bandaríkin upp „þróunarhyggju“ til að viðhalda pólitísku jafnvægi (Atkins, 1989).

Gengið var út frá því að samfélagslegar breytingar og þensla efnahagslífins myndu skapa nauðsynlegan stöðugleika. Lýðræði var stórt orð innan þróunarhyggjunnar og hvort tveggja

talið andsvar við kommúnisma og um leið stuðla að stöðugleika. Efnahagsleg aðstoð hafði alltaf verið notuð til þess að koma á stjórnafarslegum stöðugleika, skapa réttu efnahagsaðstæðurnar til að koma á þessum stöðugleika en nú var einnig tekið mið af félagslegum aðstæðum. Einnig var hernaðarleg aðstoð veitt en tilgangur hennar var að koma á stjórnafarslegum stöðugleika og vinna gegn uppreisnarmönnum. Þessi innri stöðugleiki var talinn nauðsynlegur til efnahagslegrar- og félagslegrar þróunar ríkja Rómönsku Ameríku (Atkins, 1989).

Stefna Bandaríkjanna sem notuð hafði verið í stjórn Kennedys varðandi samskipti við ólýðræðislegar stjórnir og hernaðarlegan stuðning til þeirra breyttist eftir 1963 þegar Lyndon B. Johnson tók við forsetastól. Hann bar jákvætt viðhorf til hersins og taldi að hægt væri að nota hann til uppbyggingar samfélags á efnahags- og félagslega sviðinu. Farið var að líta á hernaðarstofnanir Rómönsku Ameríku sem mikilvægan þátt í stjórn mála- og samfélagslegu skipulagi ríkjanna. Herinn skipaði mikilvægt hlutverk í nútímavæðingu samfélagsins. Ekki var litið til hvers kyns stjórnarfyrirkomulag var í landinu varðandi fjárhags- og hernaðarlega aðstoð. Bandaríkin minntust ekkert á lýðræði í samskiptum sínum við Dóminíska lýðveldið, Brasilíu, Perú eða Panama á árunum 1963 til 1968. Þau héldu áfram að vinna með og styðja heri ríkja innan Rómönsku Ameríku þrátt fyrir almenna spillingu innan þeirra og skort á fagmensku, en þau vildu umbreyta þeim til hins betra með stuðningi sínum og herþjálfun (Atkins, 1989).

Þegar Richard Nixon var í forsetastól og í tíð Gerald Ford, sem á eftir kom, var að fullu sagt skilið við þróunarhyggjuna og aftur tekin upp samskipti við einræðis- og herforingjastjórnir. Ekki var lögð mikil áhersla á ríki innan Rómönsku Ameríku að undanskildum Kúbu og Chile þar sem vinstri stjórnir voru við völd, og Perú þar sem þjóðnýting hafði hafist á eignum Bandaríkjanna. Bandaríkin höfðu bein afskipti að því að koma Salvador Allende frá völdum í Chile 11. september 1973, en arftaki hans eftir valdaránið var herforinginn Augusto Pinochet sem varð einræðisherra landsins allt fram til ársins 1990. Nánar verður fjallað um Pinochet síðar í ritgerðinni og þá tengsl hans við School of Americas. Í öllum þessum tilvikum var það hætta af kommúnisma sem stjórnaði afskiptum Bandaríkjanna af ríkjunum innan Rómönsku Ameríku (Atkins, 1989).

Utarríkisstefnan sem Jimmy Carter tók upp í valdatíð sinni frá 1977-1981 bar með sér von um að kalda stríðinu væri að ljúka þar sem hann vildi leggja meiri áherslu á mannréttindi innan bandarískrar stefnu, einnig vildi hann breyta því hvernig litið væri á hernað innan

utanríkisstefnunnar. Ekki átti lengur að líta á hernað sem viðmiðunargildi heldur sem undantekningu og einnig vildi Carter draga úr hættunni á kjarnorkustríði sem hafði verið yfirvofandi í kjölfar Kúbudeilunnar. Hann vildi ekki að samstarf væri hafið við einræðisherra einungis vegna andstöðu þeirra við kommúnisma. Samskipti við ríki Rómönsku Ameríku minnkuðu til muna í stjórnartíð hans þar sem ágreiningur skapaðist varðandi ólíkar skilgreiningar og afstöðu til mannréttinda og fleiri málefna. Bandaríkin settu vopnasölubann á Chile, Argentínu, Uruguay og Paraguay, einnig voru viðurlög sett á El Salvador, Guatemala og Nicaragua vegna brota þeirra á mannréttindum. Utanríkisstefna Carters tók stakkaskiptum eftir 1979 þar sem hann viðurkenndi opinberlega að enn stafaði hættu af kommúnisma og Sovétríkjunum (Atkins, 1989).

Þegar Ronald Reagan tók við forsetaembætti árið 1981 hélt hann áfram með breytta stefnu Carters og útfærði hana á sinn máta. Kommúnistaógnin var enn ráðandi afl í innan- og utanríkisstefnu Bandaríkjanna þar sem litið var á Sovétríkin og leppríki þeirra líkt og Kúbu sem ógn. Reagan sóttist eftir að Bandaríkin myndu aftur verða ráðandi afl í Rómönsku Ameríku. Áherslan á mannréttindi voru aftur minnkuð til muna og aukin áhersla lögð á vopnasölu og hernaðarleg prógröm í tengslum við and kommúníska stefnu (Atkins, 1989).

Stefnumörkun Reagans hefur verið kölluð Reagan kenningin (e. Reagan doctrine) þar sem aðaláherslan var að stöðva útpenslu Sovétríkjanna og koma í veg fyrir aukin áhrif þeirra. Reagan taldi að með margvíslegum stuðningi við þriðja heims ríki væri hægt að koma í veg fyrir aukin áhrif Sovétríkjanna með því að stuðla að lýðræðislegum byltingum. Dómínókenningin, sem hafði verið ráðandi kenning í kalda stríðinu, var einnig sett inn í kenningu Reagans þar sem hættu var talin á dómínóáhrifum frá Kúbu, Nicaragua og El Salvador (Atkins, 1989).

Dómínókenningin á rætur að rekja til Eisenhowers, forseta Bandaríkjanna árin 1953 til 1961, og átti hún mikilvægan sess í utanríkisstefnu Bandaríkjanna allt frá því að hún var sett fram í kalda stríðinu. Kenningin fjallar um möguleg smitunaráhrif kommúnismans til annarra landa sem ekki búa við slíkt stjórnarfar. Löndunum er þá líkt við dómínókubba raðaða upp á rönd og hættuna af falli þeirra allra ef eitt land tekur upp kommúníska stjórn og þá mögulega tengingu þeirra og samstarf við Sovétríkin (Leeson og Dean, 2009). Bandaríkin litu því svo á að ef þessi ríki yrðu hliðholl kommúnisma og hæfu samstarf við Sovétríkin, þá yrði aukin hættu á falli ríkja í norðri og suðri. Í kjölfarið studdu Bandaríkin andstæðinga Sandinista í Nicaragua og vopnaðar sveitir bæði í El Salvador og Hondúras. Bandaríkin sendu einnig her

sinn inn í Grenada árið 1983 til að steypa vinstri stjórn landsins af stóli. Ráðamenn í Bandaríkjunum töldu að fall ríkja undir kommúnisma sýndi veikleika þeirra sem heimsveldis. Í kalda stríðinu höfðu Bandaríkin eins konar lögregluhlutverk í Rómönsku Ameríku þar sem þau dreifðu valdi og sáu til þess að rétt samfélagskerfi, að þeirra mati, væri fyrir hendi (Atkins, 1989).

3.3 Erlend fjárhagsaðstoð

Erlend fjárhagsaðstoð ríkis er hluti af utanríkisstefnu þess þar sem hún felur í sér samskipti við erlend ríki. Ríki sem búa við slæman fjárhag hljóta oft aðstoð frá öðrum ríkjum, aðstoðin getur verið í margvíslegu formi, svo sem beinni fjárhagsaðstoð, pólitískri aðstoð eða hernaðarlegri. Alberto Alesina og David Dollar (2000) gerðu greiningu á hverjir veita aðstoð og til hverra. Þeir komust að því að iðulega liggja pólitískar ástæður að baki aðstoðar. Þessar pólitísku ástæður veiga þá þyngra en hvar neyðin er mest og við hvers konar stjórnarfar ríkið býr. Annað atriði sem hefur mikil áhrif á hvort ríki hljóti fjárhagslega aðstoð tengist því hvort það sé fyrrverandi nýlenda. Fyrrverandi nýlendur sem búa við lélegt stjórnarfar hljóta frekar aðstoð frá fyrrverandi nýlenduherum sínum en önnur ríki sem búa við svipaðan hag.

Þar sem Bandaríkin voru ekki nýlenduvaldi í slíkum skilningi liggja aðrar ástæður að baki hvaða lönd hljóta fjárhagsaðstoð frá þeim. Nú á dögum er það gjarnan hver afstaða ríkisins er og hver tengsl þeirra eru gagnvart Mið-Austurlöndum en á tímum kalda stríðsins var það hver afstaða þeirra var gagnvart Sovétríkjunum og kommúnisma (Alesina og Dollar, 2000). Hin ýmsu ráðuneyti og stofnanir ríkisins sjá um úthlutun erlendra fjárhagsaðstoðar frá Bandaríkjunum. Meirihluti aðstoðarinnar, eða um 70 prósent, er úthlutað af Utanríkisráðuneytinu og stofnuninni *U.S. Agency for International Development* sem ber skammstöfunina USAID (USAID-a, 2011). Sú stofnun var sett á fót árið 1961 af John F. Kennedy og var hlutverk hennar að sjá um úthlutun fjárhagsaðstoðar til erlendra ríkja. Megin markmið aðstoðarinnar er tvíþætt, að bæta líf íbúa innan minna þróaðra landa og að efla hagsmuni Bandaríkjanna innan þeirra ríkja. Með aðstoðinni er unnið að því að koma á stöðugleika innan erlendra ríkisins, vinna gegn fátækt innan þess og skapa viðskiptatengsl og markaði fyrir Bandaríkin. Starfsemi stofnunarinnar USAID er skipulögð út frá utanríkisstefnu Bandaríkjanna líkt og fjárhagsaðstoðin frá Utanríkisráðuneytinu (USAID-b, 2011).

Utanríkisstefna Bandaríkjanna getur haft áhrif á innri stöðugleika erlendra ríkja og þá sérstaklega ef ríkið er fjárhagslega háð Bandaríkjunum. Því meir sem ríkið treystir á

fjárhagsaðstoð frá Bandaríkjunum þeim mun meiri áhrif geta Bandaríkin haft innan viðkomandi ríkis. Ef stjórn ríkis gengur gegn stefnu Bandaríkjanna, til að mynda með því að vinstri stjórn komist til valda, þá á hún á hættu að hljóta neikvæð viðbrögð (e. signals) frá Bandaríkjunum sem koma fram á margvíslegan máta (Thyne, 2010).

Neikvæðu viðbrögðin eru annað hvort kostnaðarsöm, og hafa þá mikið vægi, eða eru þess eðlis að þau fela í sér minni fjárútlát og hafa þar með minna vægi. Neikvæð viðbrögð frá Bandaríkjunum gagnvart stjórn ríkis geta haft veruleg áhrif á viðkomandi land, þau geta til að mynda stuðlað að óstöðugleika innan stjórnar viðkomandi lands og aukið hættuna á valdaráni. Sem dæmi um kostnaðarsöm viðbrögð má nefna viðskiptahöft og/eða hernaðarlegar aðgerðir. Ef viðbrögðin frá stjórnvöldum Bandaríkjanna fela í sér hernaðarlegar aðgerðir eða hótun um slíka aðgerð, þá hafa þau meira vægi en öll önnur viðbrögð og auka líkurnar á valdaráni í viðkomandi landi til muna. Hin ódýrari gerð neikvæðra viðbragða, líkt og ýmsar diplómátískar aðgerðir og/eða opinber gagnrýni á stjórn viðkomandi lands, hafa einnig áhrif á þjóðina sem viðbrögðin beinast gegn, en þó ekki að sama marki og hernaðarleg viðbrögð (Thyne, 2010).

Sem dæmi um neikvæð viðbrögð má nefna þegar Venusúela og Ekvator voru útilokuð úr hópi landa sem hlutu tollafríðindi árið 1974 fyrir að vera meðlimir OPEC, samtaka olíuútflutningsríkja (Organization of the Petroleum Exporting Countries). Þessi útilokun var sett á þrátt fyrir að löndin tvö hafi ekki átt þátt í verslunarbanninu með olíu sem var stutt af OPEC og gekk gegn hagsmunum Bandaríkjanna (Atkins, 1989). Einnig má nefna aftur valdaránið í Guatemala árið 1954 sem Bandaríkin studdu. Guzman forseti landsins aðhylltist vinstri stefnu í stjórn sinni. Stefnan fól í sér endurskipulagningu og úthlutun á landi er hafði verið til umráða United Fruit Company sem var fyrirtæki með bækistöðvar í Bandaríkjunum. Þar sem gengið var gegn hagsmunum Bandaríkjanna með þessum aðgerðum og hætta af fleirum slíkum aðgerðum sem og dómínóáhrifum þá ákváðu Bandaríkin að gera allt sem í þeirra valdi stóð til að koma þessari vinstri stjórn frá völdum. Þau studdu hægri sinnaða hópa er voru andstæðir stefnu forseta landsins með hernaðarlegum og fjárhagslegum stuðning. Á sama tíma héldu þau út neikvæðri efnahagsstefnu gagnvart Guatemala, þar sem reynt var að koma Guzman frá völdum með efnahagslegum þrýstingi (Thyne, 2010).

Bandaríkin beita þó ekki einungis neikvæðum viðbrögðum, þau eiga það einnig til að senda frá sér jákvæð viðbrögð. Áhrif þeirra viðbragða fara einnig eftir því hve kostnaðarsöm þau eru, því kostnaðarsamari þeim mun áhrifameiri. Sem dæmi um jákvæð kostnaðarsöm

viðbrögð af hálfu Bandaríkjanna gagnvart erlendri ríkistjórn eru aukin viðskipti við viðkomandi land og/eða fjárhagsaðstoð. Ódýrari viðbrögð eru til dæmis opinber viðurkenning á ríkisstjórn viðkomandi lands og/eða opinber heimsókn hátt setts diplómata frá Bandaríkjunum. Ef stjórn ríkis hlýtur jákvæð viðbrögð frá Bandaríkjunum getur það stuðlað að stöðugleika í landinu og jafnvel dregið úr hættunni á valdaráni. Fjárhagsleg aðstoð, sama hvort um er að ræða í formi beins fjármagns eða hernaðaraðstoðar, gefur Bandaríkjunum langtíma áhrifastöðu meðal þeirrar þjóðar. Ef Bandaríkin hafa slík ítök í landinu getur það haft neikvæð áhrif í för með sér fyrir þjóðina. Það er hætta á að Bandaríkin muni nota áhrifastöðu sína til að vernda hagsmunum sína í landinu og það er ekki víst að það muni þjóna hagsmunum þjóðarinnar. Bandaríkin geta þá haft áhrif á hvernig erlenda ríkinu er stjórnað, hverjir eru við völd og hvaða samfélagskerfi er notast við. Það má því að líkum láta að það sé hagstæðara fyrir ríkið að byggja sjálft upp sterkan efnahag og her, til að vera óháð Bandaríkjunum. Með þessu sjálfstæði minnka áhrif Bandaríkjanna á gang mála innan ríkisins til muna (Thyne, 2010).

Líkt og sagt var áður þá getur aðstoðin til erlenda ríkisins verið margvísleg. Á tíma kalda stríðsins var þeim ríkjum í Rómönsku Ameríku, er þóttu sérstaklega mikilvæg til að vernda hagsmunum Bandaríkjanna, veitt hernaðarleg aðstoð. Eftir seinni heimsstyrjöldina voru Bandaríkin það ríki sem veitti mestu hernaðarlegu aðstoð í Rómönsku Ameríku. Aðstoðin átti að stuðla að stöðugleika innan viðkomandi ríkis og gera það mótækilegra fyrir bandarískum gildum (Atkins, 1989; Alesina og Dollar, 2000). Ein af leiðunum sem Bandaríkin notuðu til að ná þessu fram var að setja á laggirnar herþjálfunnarskóla í Rómönsku Ameríku fyrir hermenn og yfirmenn þeirra þar sem þeim skyldu kennd bandarísk gildi og and-kommúnískar kenningar (Weeks, 2003). Skólinn fellur undir hernaðarlegu aðstoð þar sem hann er fjármagnaður af bandarísku stjórninni og þau ríki er senda nemendur til hans þurfa ekki að borga fyrir inngöngu í hann (U.S. Department of Defense, 1998). Skólinn bar nafnið School of Americas og verður hann umfjöllunarefni næsta kafla.

4 School of Americas

Bandaríski herinn byggir á þeim kenningum að nauðsynlegt sé að hafa sterkan her sem engin ríki muni ganga gegn. Grundvöll kenningarinnar er að finna í stefnu Bandaríkjanna eftir seinni heimsstyrjöldina (Wood, 2003). Til að styrkja hernaðarmátt sinn hafa Bandaríkin rekið rúmlega 150 herþjálfunarstöðvar og skóla víðsvegar um heiminn. Einn frægasti herþjálfunarskólinn sem rekinn var af bandaríska hernum var School of Americas. Bandaríski herinn fellur undir valdsvið Varnamálaráðuneytis Bandaríkjanna og er því herinn ein af stofnunum bandaríska stjórnkerfisins (Amnesty International, 1998: 77). School of Americas var starfæktur í Panama allt frá 1946 til ársins 1984 þegar hann var færður til Fort Benning í Georgíu fylki í Bandaríkjunum. Flutningurinn frá Panama kom í kjölfar samningsins um Panamaskurðinn sem var undirritaður árið 1977 (Grimmett og Sullivan, 2000).

Skólinn var ætlaður fyrir hermenn, almenna jafnt sem hærra setta, frá ríkjum innan Ameríku heimsálfanna. Frá stofnun hans hafa um 60 þúsund nemendur lokið námi við hann og hafa flestir þeirra komið frá löndum Rómönsku Ameríku. Skólinn skipaði mikilvægan sess í bandarískri utanríkisstefnu þar sem hann var hluti af þjóðaröryggisáætlun um afskipti og stækkun (e. National Security Strategy of Engagement and Enlargement) (U.S. Department of Defence, 1996b). Þegar skólinn var stofnaður í Panama árið 1946 þá gekk hann undir nafninu *Latin American Center-Ground Division*. Nafni skólans var síðar breytt í júlí árið 1963 og hlaut hann þá nafnið *United States Army School of Americas* en í daglegu tali er hann nefndur School of Americas með skammtöfunina SOA. Skólanum var lokað árið 2001 en nýr skóli var opnaður sama ár, einnig í Fort Benning, Georgíu fylki í Bandaríkjunum, og sá skóli ber nafnið *Western Hemisphere Institute for Security Cooperation* (WHINSEC), en ekki verður fjallað nánar um hann í þessari ritgerð. Þrátt fyrir allar nafna- og stefnubreytingar hefur markmið School of Americas þó alltaf verið það sama, að standa vörð um utanríkis- og varnarmálastefnu Bandaríkjanna í Rómönsku Ameríku (Weeks, 2003; Grimmett og Sullivan, 2000).

4.1 Hlutverk School of Americas

Skólinn hefur það hlutverk að sjá til þess að viðeigandi gildi séu höfð á lofti í Rómönsku Ameríku þegar kemur að hernum og samskiptum hans við borgara ríkisins. Skólinn byggir kennsluskrá sína á kenningum bandaríska hersins og er hlutverk hans að breiða þau gildi út um Rómönsku Ameríku (McCaffrey, 1995). Árið 1998 ritaði William S. Cohen

varnarmálaráðherra að sú þjálfun sem nemendur hlytu í skólanum samræmdist kenningum bandaríska hersins og þeirri þjálfun sem Varnarmálaráðuneytið stæði fyrir og þá sérstaklega í tengslum við virðingu fyrir mannréttindum. Hann benti einnig á að skólinn væri óaðskiljanlegur þáttur í aðgerðum Bandaríkjanna til að þróa nánari og virkari tengsl við heri Rómönsku Ameríku þar sem að skólinn væri mjög árangursrík leið til að dreifa gildum Bandaríkjanna til stjórna herja ríkja á svæðinu (U.S. Department of Defense, 1998).

Rökin sem notuð hafa verið til stuðnings hernaðarlegri starfsemi á vegum Bandaríkjanna í Rómönsku Ameríku bera keim af heimsvaldastefnu þeirra. Bandaríkin bentu á að með áframhaldandi hernaðarlegri aðstoð og þjálfun styrktust möguleikar heimahersins að vinna gegn kommúnískum uppreisnarhópum og stuðluðu að fagmennsku innan hersins. Önnur rök sem oft voru notuð, voru þau að með því að veita hernaðarþjálfun aukist virðing fyrir bandarískum gildum líkt og einstaklingsfrelsi og lýðræði. Einnig hefur verið bent á að með því að veita herþjálfun opnast leið fyrir Bandaríkin til að hafa áhrif á menn í lykilstöðum í samfélaginu. Þeir sem hljóta þjálfun af hálfu Bandaríkjanna eru líklegri en aðrir samlandar þeirra til að ná lykilstöðum innan hers eigin heimalands þar sem þjálfunin veitir þeim ákveðið forskot. Sé ríkistjórn landsins með jákvætt viðhorf í garð Bandaríkjanna þá eru þeir einstaklingar, sem eru með tengsl við Bandaríkin, líkt og þeir sem hafa hlotið þjálfun af þeirra höndum líklegri til frama í heimalandi sínu (Fitch, 1993).

Eitt helsta deiluefni í tengslum við starfsemi og hlutverk School of Americas er hvort rétt og áhrifaríkt sé að nota hernaðarlega þjálfun til að ná fram stefnumarkmiðum. Stuðningsmenn skólans líta þjálfunina jákvæðum augum og benda á að með henni sé hægt að hafa áhrif á stjórnir og heri innan ríkja Rómönsku Ameríku og halda þeim á brautinni í átt að lýðræði. Þeir telja að ef ekki væri staðið að þjálfun hermanna og yfirmanna þeirra þá kæmi upp sú hættu að þeir myndu taka upp sína eigin stefnumörkun sem gæti byggt á ólýðræðislegum kenningum. Andstæðingar skólans líta hernaðarþjálfunina neikvæðum augum og hafi hún alls ekki leitt til lýðræðis. Þeir benda á að ólýðræðisleg saga skólans, sem sagt tenging hans við einræðisherra ríkja Rómönsku Ameríku komi í veg fyrir breytingar innan herja þeirra ríkja (Weeks, 2003).

Skólinn var eitt af tækjunum sem Bandaríkin hafa notað í heimsvaldastefnu sinni. Með honum var stutt við þá stefnumótun er einkenndi utanríkisstefnu þeirra hverju sinni. Bandarísk heimsvaldastefna er að miklu leyti til komin vegna efnahagslegra þátta. Stefnan hefur verið notuð til útbreiðslu kapítalismans og hamla með því útbreiðslu ólíkra kerfa líkt og kommúnisma. Með heimsvaldastefnunni var verið að vernda hagsmuni Bandaríkjanna

erlendis sem og viðhalda alþjóðlegu efnahagslegu forræði þeirra (Cockcroft, 2006; Saull, 2008; Wood, 2003). Þjóðhagfræðileg heimsvaldastefna Bandaríkjanna þarf ekki að fela í sér yfirtöku á landi eða yfirráðum yfir ákveðnum hluta fólks heldur á sú stefna að sjá um yfirráð yfir efnahagssviðinu á alþjóðlega vísu. Það er að segja, sjá til þess að heimsveldið geti stundað viðskipti án tillits til svæða. Til að það sé mögulegt gæti verið þörf á hernaðarlegum og pólitískum yfirburðum af hálfu heimsveldisins til þess að geta nýtt sér veikari ríki. Með því að vera yfirburðaríki getur það haft áhrif innan annarra ríkja og haldið þeim í skefjum með sterkum her og hernaðarlegum yfirráðum. Þar sem ekki er til sameiginlegt alþjóðlegt vald sem stjórnar alþjóðlegum viðskiptum þá var mikilvægt fyrir Bandaríkin að vera nógu öflug til þess að koma í stað þess valds (Woods, 2003).

4.2 Námskeið sem kennd voru í skólanum

Starfsemi skólans hefur tekið stakkaskiptum í áranna rás. Í upphafi var meirihluti nemenda við skólann starfsfólk bandaríska hersins og einungis voru nokkur námskeið haldin á spænsku fyrir hermenn og yfirmenn þeirra frá ríkjum Rómönsku Ameríku. Í upphafi voru námskeið skólans frekar almenn og fólu til dæmis í sér kennslu á viðgerðum jeppa og matargerð. Miklar breytingar urðu á skólanum árin 1962-63, en þær komu í kjölfar Kúbudeilunnar sem stóð þá sem hæst og kalda stríðsins. Spænska var gerð að opinberu tungumáli skólans þar sem nemendur hans voru nú að stærstum hluta frá ríkjum Rómönsku Ameríku. Á þessum árum jókst áhersla skólans á námskeið er tengdust hernaði og ýmissi hernaðartækni. Námskeiðin voru kennd út frá kenningum bandaríska hersins og var lengd þeirra allt frá einni viku upp í 47 vikur (Grimmett og Sullivan, 2000; Weeks, 2003).

Hugmyndin um útbreiðslu lýðræðis kom upp á borðið hjá skólanum á þessum árum þar sem það var talið andvarið við kommúnisma. Á þessum árum gat enginn verið í skólanum nema að taka áfanga í kommúnískum kenningum og hvernig best væri að vinna gegn þeim kennisetningum. Einnig var kennt hvernig hægt væri að nýta herinn innan samfélagsins og auka þátttöku hans, til dæmis í atvinnuuppbyggingu. Námskeið innan skólans voru þróuð út frá þessum hugmyndum og báru svipmynd kalda stríðsins með sér, kommúnistaógnin var komin í kennsluskrána og hugmyndin um óvininn innan samfélagsins. Upplýsingasöfnun hersins varð mikilvægt viðfangsefni skólans sem og gagnnjósnir og aðgerðir gegn andófshópum. Byrjað var að kenna sálfræðihernað í skólanum og hvernig væri best að nota

hann gegn mögulegum andstæðingum, einnig voru kenndar aðferðir til að uppræta innri óvini (Weeks, 2003).

Í gögnum sem birt eru á heimasíðu bandaríska hersins er skólanum lýst sem vel skipulögðum og sérstaklega er tekið fram að öllum nemendum sé gert skylt að taka áfanga í mannréttindum. Þeir áfangar áttu að stuðla að fagmennsku meðal hermanna og kenna þeim að virða réttindi borgaranna. Á heimasíðunni er einnig greint frá því hvernig þeir sem kenna þessa mannréttindaáfanga eru sérstaklega hæfir til að kenna slíka áfanga (U.S. Department of Defence, 1996-b). Skólinn hefur samt sem áður hlotið mikla gagnrýni fyrir þau námskeið sem hafa verið kennd við skólann Á níunda og tíunda áratugnum voru enn notaðar handbækur í skólanum sem mæltu með því að beitt væri mannránum, kúgun, pyntingum og jafnvel aftökum (Amnesty International, 2004: 76).

Bandaríkin hafa viðurkennt að hluti af sjö spænskum æfingahandbókum sem notaðar voru við skólann hafa stuðlað að ómannúðlegri meðferð, morðum og þvingunum. Þessar handbækur voru notaðar allt fram til ársins 1991 en þær voru byggðar á þeim handbókum sem notaðar voru á sjöunda áratugnum. Þetta voru handbækur sem fjölluðu til dæmis um framkvæmd yfirheyrslna, byltingarstríð og kommúnískar kenningar, og meðhöndlun heimildarmanna (e. handling of sources). Handbókin varðandi meðhöndlun heimildarmanna kenndi hvernig hægt væri að nota sannleikslif (e. truth serum) til að ná góðum árangri í heimildasöfnun, hvernig hræðsla getur verið hvetjandi og hvernig hægt er að notast við ofbeldi og ólöglegar fangelsanir. Bandaríkin hafa neitað að hegna þeim fyrir er notuðu þessar handbækur þar sem að með notkun þeirra var ekki verið að brjóta vísitandi gegn stefnu Bandaríkjanna. (Amnesty International, 1998: 77; U.S. Department of Defence, 1996-a).

4.3 Fyrrum nemendur

Bandaríkin hafa viðurkennt að námskeið við skólann allt fram til ársins 1991 kenndu aðferðir er brjóta gegn mannréttindum það ætti því ekki að koma að óvart að margir af fyrrverandi nemendum skólans hafa verið tengdir við eða jafnvel dæmdir fyrir mannréttindabrot í heimalandi sínu eða nágrennaríkjum. Bandaríkin segja að nú séu meðlimir skólans rannsakaðir gaumgæfilega til að útiloka þá sem brotið hafa gegn mannréttindum og einnig að nú séu sérstakir mannréttindaáfangar kenndir við skólann (Amnesty International, 1998: 77). Í þessum kafla verða tekin fyrir fjögur lönd innan Rómönsku Ameríku og greint frá helstu mannréttindabrotum er fyrrum nemendur skólans frá viðkomandi löndum hafa framkvæmt. Löndin voru valin vegna þess mikla fjölda nemanda sem þau hafa sent í skólann og vegna

augljósrar tengingar Bandaríkjanna og School of Americas af gangi mála innan landanna. Ekki er hægt að telja hér upp alla þá sem bendlaðir hafa verið við eða kærðir fyrir brot gegn lögum og/eða mannréttindum en til nánari upplýsinga má fara á heimasíðu samtakanna SOA watch þar sem hægt er að finna lista yfir alla þá er útskrifast hafa úr skólanum. Á meðan kaflarnir um þessi lönd eru lesnir yfir má velta fyrir sér hvaða afleiðingar skólinn hafði fyrir íbúa landanna og hvort að kostnaðurinn er þau þurftu að borga með lífum sínum hafi verið þess virði fyrir hagsmuni Bandaríkjanna.

4.3.1 Kólumbía

Kólumbía er það land í Rómönsku Ameríku sem hefur sent hvað flesta menn til School of Americas. Á heimasíðu samtakanna SOA watch er listi yfir fyrrum nemendur skólans frá Kólumbíu sem brotið hafa á mannréttindum íbúa landsins. Á listanum eru nafngreindir 162 fyrrum nemendur skólans og eru margir þeirra tengdir við fjöldamorð, pyntingar og önnur voðaverk framin gegn íbúum Kólumbíu. Af þessum fjölda má helstan nefna hershöfðingjann *Farouk Yanine Díaz* sem var við nám í skólanum 1969. Hann var bendlaður við morðið á bæjarstjóranum Alvaro Garcés Parra árið 1987 og fjöldamorðin á 20 verkamönnum árið 1988 í Antioquia. Díaz hefur einnig verið tengdur við dauðasveitina MAS (Muerte A Secuestradores) sem var starfrækt sem hliðar-herafl (e. paramilitary) í Kólumbíu. Díaz var handtekinn fyrir aðild sína að fjöldamorðum á 19 kaupsýslumönnum, mál hans var tekið fyrir í herrétti þar sem hann var sýknaður. Sú ákvörðun að rétta yfir honum í herrétti var mikið gagnrýnd þar sem hefð var fyrir því innan þess réttar, að refsa ekki hátt settum mönnum innan öryggissveita og hersins. Þrátt fyrir þessi voðaverk var Díaz fenginn sem gestafyrirlesari við School of Americas árin 1990 og 1991. Af öðrum útskriftanemum má nefna *Juan José Alfonso Vacca Parilia* en hann var einnig bendlaður við fjöldamorðin á verkamönnum árið 1988 og bæjarstjóranum Parra ásamt Farouk Yanine Díaz. Það að auki stofnaði hann dauðasveitina „Muerte a Comunistas“ árið 1985 (Grimmett og Sullivan, 2000; SOA-Watch: Colombia, 2011).

4.3.2 El Salvador

Á árunum 1980 til 1991 stóð yfir borgarastyrjöld í El Salvador. Eftir borgarastyrjöldina var sett á fót Sannleiksnefnd sem gaf frá sér skýrslu árið 1993. Þar kom fram að fjöldinn allur af voðaverkum og fjöldamorðum hafi verið framinn þar í landi meðan á borgarastyrjöldinni stóð og hafa samtökin SOA watch stutt þessar staðhæfingar Sannleiksnefndarinnar. Af þeim sem stóðu fyrir og framkvæmdu þessi voðaverk voru yfir tveir þriðju þjálfaðir í School of Americas. Til að mynda voru að minnsta kosti níu fyrrum nemendur skólans aðilar að

fjöldamorðinu í El Mozote þar sem yfir 200 karlar, konur og börn voru tekin af lífi og eru sjö þeirra nafngreindir í skýrslu Sannleiksnefndarinnar sem yfirmenn herdeildarinnar. Fyrrum nemendur skólans áttu einnig aðild að öðrum voðaverkum sem framin voru á þessum tíma, til dæmis: fjöldamorðin við Suchitlan vatnið þar sem að minnsta kosti 117 létu lífið, meirihluti þeirra börn undir 14 ára aldri. Morðin á sex Jesúítum, hreingerningakonu þeirra og barni hennar var einnig framið af fyrrum nemendum skólans sem og yfirhýlmingin á því (Grimmett og Sullivan, 2000; SOA-Watch: El Salvador, 2011; Truth commission: El Salvador, 1993).

4.3.3 Guatemala

Í skýrslu Sannleiksnefndarinnar sem kom út árið 1999 um Guatemala kom fram að kalda stríðið átti mikilvægan þátt í hernaðarvæðingunni og borgarastríðinu sem braust út þar í landi. Utanríkisstefnan sem Bandaríkin héldu úti á þessum tíma einkenndist af and-kommúnisma og sú stefna féll vel í kramið hjá hægri flokkum Guatemala og öðrum ráðamönnum. Bandaríkin höfðu einnig gefið út viljayfirlýsingu um að þau væru tilbúin til að styrkja sterkar hernaðarstjórnir á þessu svæði. Guatemala hlaut sinn stuðning frá Bandaríkjunum með þjálfun hermanna í ýmsum aðferðum sem síðar voru notaðar gegn íbúum landsins sem þurftu að þola hin ýmsu mannréttindabrot meðan á borgarastríðinu stóð (Truth commission: Guatemala 1999).

Sem dæmi má nefna að á árunum 1978 til 1986 voru þrjár herforingjastjórnir við völd í Guatemala og gegndu fyrrum nemendur School of Americas lykilhlutverki í þeim öllum. Á valdatíma einræðisherrans Lucas Garcia (1978-82) höfðu fjórir af átta embættismönnum hersins (e. military officials) stundað nám við skólann. Í stjórn Ríos Montt (1982-83) voru það sex af níu og fimm af tíu í stjórn Mejía Victores (1983-1986) (SOA-Watch: Guatemala, 2011). Í skýrslunni kom einnig fram að and-Sovét hernaðaráætlun (e. anti-Soviet strategy) sem Bandaríkin notuðu í Rómönsku Ameríku var byggð á kenningum um þjóðaröryggi (e. National Security Doctrine) og and-kommúnískum kenningum. Neikvætt viðhorf til kommúnisma hafði viðgengist í Guatemala frá fjórða áratugnum og stuðningsmenn þessa viðhorfs höfðu tekið saman höndum við þá sem vildu standa vörð um trúna og hefðbundin gildi innan samfélagsins. Kenningin um þjóðaröryggi hafði því frjóan jarðveg til að skjóta rötum í (SOA-Watch: Guatemala, 2011; Truth commission: Guatemala 1999).

Guatemala sendi ekki aðeins hermenn sína í skólann til náms heldur voru þeir einnig fengnir til gestakennslu einn þeirra var *Héctor Gramajo*. Hann var fenginn sem gestafyrirlesari til School of Americas árið 1991 og síðar var honum boðið aftur til að tala á

útskrift frá skólanum. Sex vikum fyrir útskriftina hafði hann hins vegar verið fundinn sekur í bandarískum rétti um margvíslega stríðsglæpi í Guatemala á níunda áratugnum (SOA-Watch: Guatemala, 2011).

4.3.4 Chile

Líkt og greint var frá fyrr í ritgerðinni studdu Bandaríkin valdaránið sem framkvæmt var í Chile árið 1973 þegar Augusto Pinochet kom lýðræðiskjörnum forseta landsins Salvador Allende frá völdum. Ástæðan fyrir stuðningi Bandaríkjanna fyrir þessu valdaráni var að stjórn Allende var vinstri stjórn en Pinochet var hægri sinnaður og var stefna hins síðarnefnda meira Bandaríkjunum að skapi. Gerald Ford þáverandi Bandaríkjaforseti varði aðgerðir bandarísku leyniþjónustunnar (CIA) í Chile í tengslum við valdarán Pinochet. Ford sagði að valdaránið hafði verið gert með hag íbúa Chile fyrir brjósti (Atkins, 1989).

Þrátt fyrir að hafa sjálfur ekki stundað nám við skólann þá hafði Pinochet ýmsar tengingar við hann, til að mynda hafði hann gefið skólanum sverð að gjöf sem og sent þeim bréf en báðir þessir hlutir voru til sýnis fyrir gesti og gangandi í skólanum. Það má því ætla að yfirmenn skólans hafi verið stoltir af sambandi sínu við einræðisherrann. Pinochet notaðist við marga útskriftarnemendur í stjórn sinni þar sem þær aðferðir er þeir höfðu lært í skólanum voru nýttar. Í valdatíð hans bar leyniþjónusta landsins nafnið DINA og var sú stofnun alræmd fyrir gróf brot gegn mannréttindum. Útskriftarnemar úr School of Americas voru áberandi innan leyniþjónustunnar, þar sem einn af hverjum sjö yfirmönnum hennar höfðu útskrifast úr skólanum (SOA-Watch: Chile, 2011).

Skólinn hefur lagt mikið upp úr því að sýna fram á að mannréttindi séu í hávegum höfð innan skólans og að mannréttindaáfangar séu kenndir við skólann. En að kenna slíka áfanga er ekki nóg heldur þurfa kennararnir einnig að vera hæfir til kennslu á slíkum áföngum. Skólinn hefur fengið marga gestafyrirlesari til að kenna slíka áfanga við skólann og frá Chile fengu þeir *Pablo Belmar* sem lauk námi við skólann árið 1968. Belmar hefur verið beint tengdur við pyntingar og morðið á *Carmelo Soria* starfsmanni Sameinuðu Þjóðanna sem hafði verið handsamaður af DINA (SOA-Watch: Chile, 2011).

5 Lokaorð

Í ritgerðinni hefur verið farið í heimsvaldastefnu og helstu hvata fyrir henni. Greint var frá hvernig hvatarnir geta átt sér ýmsar rætur þegar heimsvaldastefnu er haldið úti af ríkisstjórn og hvernig stefnunni getur verið haldið úti með þjóðarhagsmuni og stéttarhagsmuni að leiðarljósi. Þar sem viðfangsefni ritgerðarinnar var stofnun á vegum Bandaríkjanna, sem rekin var í Rómönsku Ameríku, þá var einnig greint frá utanríkisstefnu Bandaríkjanna gagnvart Rómönsku Ameríku. Í upphafi þess kafla var gefið stutt sögurlegt yfirlit yfir utanríkisstefnuna fram að seinni heimsstyrjöldinni og greint frá þeim helstu kenningum er settar voru fram á þeim tíma og mótuðu stefnuna síðar meir. Næst var tekin fyrir utanríkisstefnan eftir seinni heimsstyrjöldina, á tíma kalda stríðsins og greint var frá kenningum þess tíma. Einnig var fjallað um erlenda fjárhagsaðstoð, hvernig hún tengist utanríkisstefnunni og hvaða ástæður geta legið að baki hennar. Fjallað var um hvernig hernaðaraðstoð er ein af birtingarmyndum þeirrar aðstoðar er Bandaríkin hafa veitt erlendum ríkjum. Næst var svo tekið dæmi um eina stofnun á vegum Bandaríkjanna til að varpa mynd á það hvernig heimsvaldastefna getur birst. Í þeim kafla var fjallað um skólann School of Americas sem lengst af var rekinn af Bandaríkjunum í Panama. Greint var frá sögu skólans, markmiðum hans og þeim námskeiðum er kennd voru við hann. Einnig voru tekin fyrir nokkur af þeim löndum er sent hafa nemendur í skólann og fjallað var um fyrrum nemendur er brotið hafa á borgurum heimalands síns. Þegar litið er yfir ritgerðina í heild sést hvernig heimsvaldastefna Bandaríkjanna birtist í utanríkisstefnu þeirra.

Skólinn er ein af birtingarmyndum bandarískrar heimsvaldastefnu enda hefur tilgangur hans alltaf verið sá sami, að halda úti utanríkis- og varnamálastefnu Bandaríkjanna í Rómönsku Ameríku. Líkt og greint var frá fyrr í ritgerðinni þá er einn af hvötunum fyrir heimsvaldastefnu, að verja landið fyrir árásum mögulegra óvina. Vörnin felst þá í að styrkja hernaðarmátt heimsveldisins. Á tímum kalda stríðsins voru Sovétríkin helsti óvinur Bandaríkjanna og mótaði hættan af kommúnisma utanríkisstefnu þeirra. Ein af leiðunum sem Bandaríkin notuðu til að styrkja hernaðarmátt sinn var að þjálfa meðlimi herja ríkja Rómönsku Ameríku í skólanum School of Americas. Með þeirri þjálfun vildu Bandaríkin koma í veg fyrir að Sovétríkin næðu að auka áhrif sín innan Rómönsku Ameríku. Þeim ríkjum sem voru hliðholl Bandaríkjunum var þar af leiðandi veitt hernaðarleg- og efnahagsleg aðstoð. Líkt og kom fram í kaflanum um erlenda fjárhagsaðstoð þá getur slík aðstoð gefið Bandaríkjunum áhrif innan landsins sem þiggur aðstoðina.

Skólinn sá um að þjálfa einstaklinga sem oft gegndu lykilstöðum innan herja síns heimaríkis og með þessari þjálfun var þeim veitt ákveðið forskot sem aðrir samlandar þeirra fengu ekki. Með því að hafa lokið námi við skólann höfðu þeir ákveðna tengingu við Bandaríkin sem lengst af hafa verið helsti fjárhagslegur bakhjarl ríkja innan Rómönsku Ameríku. Þessi tenging gefur þeim meiri líkur á efnahagslegum stuðning, og með því að notast við kenningar og stefnumið sem falla að hugmyndafræði bandarískra stjórnvalda þá er líklegra að þeir fái fremur stuðning. Taki ríki upp stefnu sem gengur gegn Bandaríkjunum á það ríki á hættu að fá neikvæð viðbrögð af hálfu Bandaríkjanna. Þetta kemur skýrt fram sé litið til sögunnar, til dæmis til stjórnar Allendes í Chile og Guzmáns í Guatemala. Báðir þessir forsetar voru lýðræðislega kosnir en þeir notuðust við vinstri sinnaða stefnu sem gekk gegn hagsmunum Bandaríkjanna og í kjölfarið studdu Bandaríkin andspyrnuhópa til að koma þeim frá völdum.

Samkvæmt stjórn málafræðingnum Ellen M. Wood þá er heimsvaldastefnu Bandaríkjanna haldið úti til að viðhalda því efnahagslega forræði er þau hafa haft og hernaðarvæðing þeirra er ein af leiðunum sem þau nota til að stuðla að þessu forræði. Ágóðinn sem Bandaríkin eru að vonast eftir með heimsvaldastefnu sinni er efnahagslegur ávinningur. Með heimsvaldastefnunni er reynt að tryggja aðgang að mörkuðum erlendra ríkja sem og hráefnum. Sovétríkin byggðu á kommúnísku efnahagskerfi þar sem að markaðurinn var í umsjá ríkisins. Sú stefna hentaði illa fyrir Bandaríkin sem byggja á kapítalísku efnahagskerfi. Eitt af megininkennum kapítalísku efnahagskerfis eru frjálssir og opnir markaðir án afskipta ríkisins.

Skólinn School of Americas var starfræktur með þetta í huga. Bandarísk stjórnvöld vildu sjá til þess að ríki Rómönsku Ameríku myndu taka upp bandarísk gildi og viðhorf, þar fellur inn í lýðræði og opnir frjálssir markaðir. Hægt er segja að bandarísk stjórnvöld hafi viljað stuðla að stöðugleika innan ríkjanna þar sem það hefur jákvæð áhrif á markaði þeirra og eykur líkurnar á að hagsmunir Bandaríkjanna væru öryggir. En stuðningurinn til að viðhalda stöðugleika og friði innan ríkis var aðeins veittur ef stefna ríkis var samstíga stefnu Bandaríkjanna. Ef vinstri sinnuð stjórn náði völdum innan ríkis Rómönsku Ameríku gat það haft neikvæðar efnahagslegar afleiðingar fyrir Bandaríkin.

Með skólanum vildu Bandaríkin breiða út bandarísk gildi og samfélagskerfi. Þau litu á þessa útbreiðslu jákvæðum augum þar sem að þau voru að „frelsa“ ríkin undan kommúnisma. Samkvæmt þeim þá voru þau að stuðla að „betri“ heimi til dæmis með lýðræði og frjálsum

opnum mörkuðum. Hlutverk skólans var þá að þjálfra hermenn og yfirmenn þeirra og kenna þeim jákvætt viðhorf gagnvart Bandaríkjunum og stefnu þeirra. Með því að hafa bandamenn innan hersins gaf það Bandaríkjunum aukið áhrifvald innan Rómönsku Ameríku. Með skólanum jukust líkurnar á því að einstaklingar með jákvæð viðhorf gagnvart Bandaríkjunum kæmst til valda eða í hátt settar stöður innan samfélagsins og það kom Bandaríkjunum vel.

Margir mundu spyrja sig nú, er eitthvað athugavert við þessa stefnu Bandaríkjanna? Bandaríkin voru aðeins að stuðla að lýðræði, frjálsum mörkuðum og vinna gegn kommúnisma. Niðurstöður mínar sýna að það sem er athugavert við stefnu Bandaríkjanna eru hverjar afleiðingar skólinn hefur haft í för með sér í álfunni. Bandaríkin hafa viðurkennt að þær handbækur sem notaðar voru í skólanum fram til ársins 1991 kenndu ómannúðlegar aðferðir en afsaka sig með því að þær séu byggðar á eldri handbókum frá sjöunda áratugnum. Það má því leiða að því líkum að á tíma kalda stríðsins hafi verið viðurkennt að kenna slíkar ómannúðlegar aðferðir í skólanum og það hafi verið innan kenningarramma bandaríska hersins, enda byggir skólinn á þeim kenningum. Í kaflanum um fyrrum nemendur skólans var gefið stutt yfirlit um hvernig fyrrum nemendur fjögurra landa hafa nýtt námið sitt í heimalandi sínu. Þar kom fram hvernig útskriftarnemendur voru yfirmenn leyniþjónusta líkt og DINA í Chile, sem var alræmd fyrir brot á mannréttindum. Einnig var greint frá því hvernig þeir áttu aðild að fjöldamorðum líkt og í El Salvador. Eins og greint var frá áður þá eykur herþjálfun á vegum Bandaríkjanna möguleika einstaklinga á frama í heimalandi sínu. Það var greinilegt í Guatemala þar sem fyrrum nemendur School of Americas gegndu lykilstöðum í öllum þremur herforingjastjórnnum er voru við lýði þar í landi á árunum 1978-1986.

Það er ekki tilgangur ritgerðarinnar að einblína á þau voðaverk er hafa verið framin af útskriftarnemendum eða þá að fjalla um í smáatriðum hvernig þeir hafa nýtt það sem þeir lærðu í skólanum gagnvart íbúum landa sinna. Tilgangurinn er að upplýsa fólk um mögulegar afleiðingar heimsvaldastefnu og hvernig hún hefur margar birtingarmyndir. Markmiðið er að fræða almenning um skólann School of Americas og láta fólk hugsa um hverju er haldið út í nafni ríkis. Það er mikilvægt að vera meðvitaður um hvað er verið að kenna í nafni ríkis og hverjar afleiðingar þess náms geta verið. Af hverju var verið að kenna slíkar aðferðir ef ekki var búist við að nota þær.

6 Heimildaskrá

- Alesina, A. og Dollar, D. (2000, mars). Who Gives Foreign Aid to Whom and Why? [rafræn útgáfa]. *Journal of Economic Growth*, 5, 33-63.
- Amnesty International. (1998, 30. september). *United States of America Rights for All*. Sótt 28. mars 2011 af <http://www.amnesty.org/en/library/asset/AMR51/035/1998/en/0440cd04-da99-11dd-80bc-797022e51902/amr510351998en.pdf>
- Amnesty International, (2004, 27. október). *USA: Human dignity denied: Torture and accountability in the 'war on terror'*. Sótt 3. apríl 2011 af <http://amnesty.org/en/library/asset/AMR51/145/2004/en/af8e133e-d570-11dd-bb24-1fb85fe8fa05/amr511452004en.pdf>
- Atkins, G. P. (1989). *Latin America in the international political system* (2. útgáfa). Boulder, CO: Westview Press.
- Cockcroft, J. D. (2006). Imperialism, State and Social Movements in Latin America [rafræn útgáfa]. *Critical Sociology*, 32, 67-81.
- Fitch, S. J. (1993). The decline of US military influence in Latin America [rafræn útgáfa]. *Journal of Interamerican Studies & World Affairs*, 35(2), 1-49.
- Gilderhus, M. T. (2006). The Monroe Doctrine: Meanings and Implications [rafræn útgáfa]. *Presidential Studies Quarterly*, 36(1), 5-16.
- Grimmett, R. F. og Sullivan, M. P. (2000, 2. ágúst). *U.S. Army School of the Americas: Background and Congressional Concerns*. Sótt 15 febrúar 2011 af <http://www.policyarchive.org/handle/10207/bitstreams/1033.pdf>
- Leeson, P. T. og Dean, A. M. (2009, 23 júní). The Democratic Domino Theory: An Empirical Investigation. *American Journal of Political Science*, 53(3), 533-551. Sótt 29 desember 2011 af <http://onlinelibrary.wiley.com/doi/10.1111/j.1540-5907.2009.00385.x/pdf>
- McCaffrey, B. R. (1995, 8. mars). Southern Command: Upbeat Outlook, Some Lingering Pitfalls. *U.S. Department of Defense*. Sótt 4. apríl 2011 af <http://www.defense.gov/speeches/speech.aspx?speechid=846>.

- National Security Council Affairs, (1960, 20. júní). *Latin America and United States Military Assistance*. Sótt 4. apríl 2011 af http://www.dod.gov/pubs/foi/International_security_affairs/latinAmerica/613.pdf
- U.S. Department of Defence. (1996-a, 23. September). *U.S. Army School of Americas Training Manuals*. Sótt 27. mars 2011 af http://www.dod.mil/pubs/foi/International_security_affairs/latinAmerica/849.pdf
- U.S. Department of Defense, (1996-b, 20. september). *Memorandum for Correspondents*. Sótt 27. mars 2011 af http://www.defense.gov/news/Sep1996/m092096_m217-96.html
- U.S. Department of Defense, (1998, 2. febrúar). *Congress Approves Funding for U.S. Army School of the Americas*. Sótt 3. Apríl 2011 af <http://www.defense.gov/releases/release.aspx?releaseid=1567>
- USAID. (2011-a) *Foreign Assistance Fast Facts: FY2009*. Sótt 27. desember 2011 af <http://gbk.eads.usaidallnet.gov/data/fast-facts.html>
- USAID. (2011-b, 18. nóvember). *This is USAID*. Sótt 27. desember 2011 af http://www.usaid.gov/about_usaid/
- Saull, R. (2008, 20. júlí). Empire, Imperialism, and Contemporary American Global Power [rafræn útgáfa]. *International Studies Perspectives*, 9(3), 309-318.
- Soa-watch: Chile. (2011). Notorious Graduate from Chile. Sótt 3. Mars af <http://soaw.org/about-the-soawhinsec/soawhinsec-grads/notorious-grads/234>
- Soa-watch: Colombia. (2011). Notorious Graduate from Colombia. Sótt 21. febrúar af <http://soaw.org/about-the-soawhinsec/soawhinsec-grads/notorious-grads/235>
- Soa-watch: El Salvador. (2011). Notorious Graduate from El Salvador. Sótt 21. febrúar af <http://soaw.org/about-the-soawhinsec/soawhinsec-grads/notorious-grads/238>
- Soa-watch: Guatemala. (2011). Notorious Graduate from Guatemala. Sótt 24. febrúar af <http://soaw.org/about-the-soawhinsec/soawhinsec-grads/notorious-grads/239-notorious-graduates-from-guatemala>
- Thyne, C. L. (2010). Supporter of stability or agent of agitation? The effect of US foreign policy on coups in Latin America, 1960-99 [rafræn útgáfa]. *Journal of peace research*, 47(4), 449 -461.
- Truth commission: El Salvador. (1993, mars). United States Institute of Peace. Sótt 3 mars 2011 af <http://www.usip.org/files/file/ElSalvador-Report.pdf>

Truth commission: Guatemala. (1999, febrúar). United States Institute of Peace. Sótt 3 mars 2011 af <http://shr.aas.org/guatemala/ceh/report/english/conc1.html>

Weeks, G. (2003). Fighting the Enemy Within: Terrorism, the School of the Americas, and the Military in Latin America [rafræn útgáfa]. *Human Rights Review*, 5(1), 12-27.

Weisskopf, T. E. (1989). Capitalism, Socialism, and the Sources of Imperialism. Í Ikenberry G. J, (ritstjóri), *American Foreign Policy : theoretical essays* (bls. 162-185). Glenview, Ill: Scott Foresman.

Wood, E. M. (2003). *Empire of Capital*. Verso: London.